

Sþ.

508. Breytingartillaga

[177. mál]

við till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá Skúla Guðmundssyni og Hermanni Jónassyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu alþingiskjösenda um það, hvort Ísland eigi að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningi þeim, sem fulltrúar Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Kanada, Luxenbourg og Noregs hafa orðið ásátt um, eins og samningurinn nú liggur fyrir, og einnig um það, hvort hafa eigi þann fyrirvara af Íslands hálfu, að það muni aldrei segja öðrum þjóðum stríð á hendur né heyja styrjöld, þar eð þjóðin sé vopnlaus og ætli sér ekki að hervæðast, enda fari sú atkvæðagreiðsla fram í aprilmánuði 1949 og verði hagað þannig, að kjösendur búsettir utan kaupstaða og kauptúna geti greitt atkvæði á heimilum sínum, eftir reglum, er ráðherra setur.

Enn fremur felur Alþingi ríkisstjórninni að gerast aðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningnum, ef meiri hluti þeirra kjösenda, er þátt taka í atkvæðagreiðslunni, greiða atkvæði með því.